



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Fjölskyldusvið

Selfossi, 13. október 2020
2010150

Bæjarráð Árborgar

Heimsendur matur í Árborg

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 49/1991 kemur fram í 40 gr. að sveitarstjórn skal sjá um að félagsþjónusta aldraðra sé fyrir hendi í sveitarfélaginu eftir þörfum. Hér er m.a. átt við heimaþjónustu, félagsráðgjöf og heimsendingu matar. Ekki hefur við boðið upp á heimsendingu matar í tæp 2 ár en nú er mat okkar að þörf sé fyrir þessa þjónustunni og að allt að 50 einstaklingar myndu nýta sér heimsendingu matar.

Lagt er til að farið verði í verðkönnun og/eða útboð á þjónustunni í kjölfar vinnu faghóps sem hefur nú þegar hafið störf. Fyrirkomulagið verði með þeim hætti að matarþjónusta verði 3x í viku en boðið verður upp á að kaupa tvo skammta í einu og er þá annar ætlaður til upphitunar daginn eftir.

Virðingarfyllst,



Dorsteinn Hjartarson
sviðsstjóri

Heiða Ösp Kristjánsdóttir
deildarstjóri félagsþjónustu